

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Pegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi, torg, bryggjur og brýr eða önnur svæði til almennrar umferðar eða til almenningsnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvelli, afgreiðslusvæði bifreiða og flugvalla. Um hvers konar samkomuhús, skeiðvelli, fjárréttir, verslanir, opinberar skrifstofur og aðra þá staði, sem almenningur hefur aðgang að, gilda ákvæði samþykktar þessarar, eftir því sem við á.

2. gr.

Á almannafæri er bannað að efna til uppþota eða óspekta. Ekki mega menn þyrpast þar saman svo að til tálma eða óþæginda sé fyrir vegfarendur.

3. gr.

Pegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar sem þjónusta fer fram, skulu menn raða sér svo, að þeir sem fyrstir koma, fái afgreiðslu fyrst. Við slík tækifæri skal öllum skylt að hlýða fyrirmælum lögreglu eða umsjónarmanns, svo haldið verði uppi góðri reglu.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, hafa frammi hávaða, klæðast eða hegða sér þannig að valdi ónæði, misþjóði almennu velsæmi eða raski allsherjarreglu.

5. gr.

Bannað er að raska næturro manna að óþörfu. Enginn má berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða síma eða aðhafast neitt, sem valdið getur ónæði eða ótta.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum, boga eða öðrum skotvopnum á almannafæri. Þar má heldur eigi kveikja í neins konar eldfimum efnum. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á og skulu þá leyfin bundin við sérstök svæði. Sinubruni skal með öllu bannaður eftir 1. maí ár hvert. Öll meðferð eða notkun hvers konar hvellsprengja er bönnuð. Nauðsynlegar sprengingar vegna gerðar mannvirkja má aðeins framkvæma með sérstöku leyfi lögreglustjóra og bera þá stjórnendur verksins og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að fyllstu varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma þar sem lögreglustjóri samþykkir.

7. gr.

Allir eru skyldir að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögregla krefst þess.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglu sem gefnar eru til þess að halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, getur lögregla kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga menn að fullum bótum frá lögreglustjóra fyrir tjón, sem þeir kunna að bíða á fatnaði eða limum við slíka aðstoð, en lögreglustjóri á aðgang að þeim sem tjóni veldur. Ella greiðist tjónið úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Um útvíst barna o. fl.

8. gr.

Í kaптúnunum og öðru slíku þéttbýli með 300 íbúa og fleiri mega börn yngri en 12 ára ekki vera á almannafæri eftir kl. 20, tímabilið 1. september til 1. maí og eftir kl. 22, tímabilið 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum. Unglingar yngri en 15 ára mega á slíkum stöðum ekki vera á almannafæri eftir kl. 22, tímabilið frá 1. september til 1. maí og eftir kl. 23, tímabilið frá 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtun, íþróttasamkomu eða frá annari viðurkenndri æskulýðsstarfssemi.

Hvers konar þjónusta við börn og unglunga eftir að löglegum útvístartíma lýkur, önnur en heimkeyrsla, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin. Ungmönnum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglíngaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og eða missi veitingaleyfa sinna um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum, gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum.

Úrdráttur úr ákvæðum þessarar greinar skal festur upp á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd um það ásamt lögreglu.

III. KAFLI

Umferðareglur.

A. Almenn ákvæði.

9. gr.

Ákvæði þessa kafla um ökutæki, akstur og ökumenn, gilda einnig um hjólreiðar, akstur handvagna og umferð riðandi manna, eftir því sem við á.

Ákvæði um fótgangandi vegfarendur gilda einnig um þá, sem leiða reiðhjól eða aka barnavagn.

Ökutæki fatlaðra, önnur en vélknúin, mega fara um gangstéttar, þar sem aðstæður leyfa.

10. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna varúð í umferð, gæta þess að trufla ekki né tefja að öþörfu aðra vegfarendur og valda eigi öðrum, sem búa eða eru staddir við umferðaleið, hættu eða óþægindum.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við gangbrautir, svo og skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má að börn séu að leik. Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðra.

Vegfarendum er skylt að víkja fyrir líkfylgdum, hópgöngum skólabarna og öðrum leyfðum hópgöngum.

11. gr.

Vegfarendum er skylt að fara eftir fyrirmælum og merkjum lögreglu, sem hún notar við umferðarstjórn svo og umferðarmerkjum, sem lögregluþyrirvöld og vegamálastjórn setja, samkvæmt heimild í lögum. Skylt er að stöðva samstundis ef lögregla gefur merki um það. Bannað er að skemma eða nema á brott umferðarmerki. Hver sá sem veldur því eða verður þess var, að umferðarmerki laskast eða færast úr stað, skal lagfæra merkið tafarlaust, svo sem unnt er og tilkynna síðan um það til lögreglunnar.

12. gr.

Bannað er að stökkva af eða upp í ökutæki, hanga í því, standa á aurhlífum þess, eða annars staðar utan á því, þegar það er á ferð. Farþega má aðeins flytja í farartæki, ef það er leyft samkvæmt lögum og þess getið í skoðunarvottorði. Farþega má aldrei flytja á léttu bifhjóli.

Sleða-skíða-eða rennibrautir má eigi gera á alfaravegi, nema lögreglustjóri leyfi. Eigi má heldur vera að leikjum á vegum, þannig að hætta eða truflun fyrir umferð geti hlotist af, nema á vegum eða götum, sem merktar eru leikgötur eða fengnu leyfi lögreglustjóra. Á leikgötum skal gæta ýtrustu varúðar gagnvart börnum og þar mega ekki aðrir fara með ökutæki, en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra.

13. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim á neinn hátt, nema hafa fengið til þess leyfi slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta brunaboða, nema til þess að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafeiðslur eða síma.

14. gr.

Eigi má, án leyfis lögreglunnar, skilja eftir eða geyma á alfaravegum muni eða tæki, sem geta orðið til trafala fyrir umferð, nema sérstakar ástæður geri slíka bráðabirgðageymslu nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka hluti út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir svo utarlega á henni sem unnt er. Ef talið er að umferðarhætta geti stafað af slíkum hlutum eða tækjum skal vörður gæta þeirra eða staðurinn merktur með viðurkenndum viðvörunarmerkjum. Á ljósátíma skal merkja greinilega með ólituðum ljósum hve langt hluturinn eða tækið nær inn á veginn. Þetta gildir einnig um vegagerðar- og byggingaefni. Enginn má skilja eftir á vegi neitt þar sem það getur haf í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina, svo sem steina, glerbrot, nagla, ávaxtahýði eða olíu. Þeim sem verður valdur að því, að slíkt fellur á veg, ber skilyrðislaust skylda til að hreinsa það, er niður hefur fallið, þegar í stað.

15. gr.

Enga atvinnu má reka á almannafæri, þar sem það tálmar umferðinni. Utan sölubúða er sala á hverskonar varningi bönnuð, nema til komi sérstakt leyfi lögreglustjóra. Blöð og bæklinga er heimilt að selja á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt að dómi lögreglustjóra. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá náttmáli til dagmála. Á almannafæri má eigi vinna neina vinnu, sem hindrar umferð eða gerir hana hættulega. Sjá þó 17. gr.

16. gr.

Án leyfis hlutadeigandi húsráðanda, má engin láta fyrirberast á húslóðum, húsríðum, húspökum, girðingum, í garðshlíðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða húslóðir, né fara inn í híbýli hans í söluverindum. Auk þess getur lögregla bannað mönnum að hafast við á þessum stöðum, ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

17. gr.

Engin má grafa í gangstéttir, götur vegi eða torg, né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi hlutadeigandi yfirvalda og samþykki lögreglustjóra. Heimilt skal að taka gjald fyrir slíkt leyfi. Skal sá er raski hefur valdið, setja í samt lag aftur það sem raskað var og halda því við í þrjá mánuði eftir að umbót hefir verið lokið og hún samþykkt af þeim, sem leyfið hefir gefið. Þegar slík verk eru unnin, skal þess ætíð gætt, að þau taki sem skemmstan tíma, að sem minnstur farartálmi sé að og ætíð séu vegfarendur aðvaraðir um farartálmann með greinilegum aðvörunarmerkjum. Frá því að dimma tekur að kvöldi þar til birtir að morgni skulu slíkir farartálmur greinilega merktir með ljósum. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, sem honum þykir þurfa til að afstýra hættum. Ef verk dregst úr hófi fram, eftir að það er hafið, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja raskið í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma. Sama gegnir ef ekki er fullnægt viðhaldsskyldu.

18. gr.

Þar sem hús eru byggð, gert er við þau eða þau refin, skal þess ávallt gætt, ef það er á eða í nálægð við almannafæri, að af verkinu stafi ekki hætta eða að það tálmi umferð. Nú brennur hús eða mannvirki eða það er tekið burt, án þess að annað sé gert í staðinn og er þá eiganda eða verktaka, skylt að ganga svo frá á staðnum að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af. Til að afstýra hættu getur lögreglustjóri fyrirskipað sérstakan umbúnað, svo sem girðingar um hættusvæðið. Slíkan umbúnað skal fjarlægja samstundis, ef lögreglan krefst þess. Sérstakrar varúðar skal gætt við byggingarverk, vegna opinna grunna, sem vatn safnast í, járnbindingar og vinnupalla. Hús í byggingu skulu ætíð lokuð, svo ekki sé greiður aðgangur í þau fyrir óviðkomandi.

19. gr.

Nú er hús eða mannvirki svo hrörlegt, að hætt er við, að það eða einhver hluti þess falli og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og lagt fyrir eigendur þess að endurbæta það, innan tiltekins tíma til þess að afstýra hættu. Ennfremur getur lögreglustjóri gert aðrar ráðstafanir á kostnað eiganda sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Þessi ákvæði ná einnig til þess ef steinvegg eða trévegg eða öðru slíku liggur við hruni eða falli.

20. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við byggingar og viðgerðir á mannvirkjum, skal vera nægilega traustur og þeir sem nota hann skuli vera gætnir og áreiðanlegir menn. Slíkir pallar skulu að utanverðu vera með 20 cm. brík að minnsta kosti og handriði í brjósthæð, lausir stigar, sem notaðir eru til viðgerða, eða annars á húsum, skulu vera nægilega traustir og kjálkar þannig útbúnir að neðan, að ekki sé hætt á að þeir falli. Slíkir stigar skulu felldir, þegar þeir eru ekki í notkun. Þar sem umbúnaður, sem hér á undan er getið, er notaður á almannafæri, skal gæta ýtrustu varúðar. Brot á grein þessari er á ábyrgð þess, sem verkið annast, byggingarstjóra eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð verkeiganda.

21. gr.

Vindur, áhöld og umbúnaður þess, sem notaður er til þess að hefja upp, eða renna niður, varningi eða öðru, á eða við almannafæri, skal vera nægilega traust og þeir, sem nota tækin, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

22. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsum, skal svo umbúið, sem mælt er fyrir í byggingarsamþykkt.

B. Ákvæði um akstur og ökutæki.

23. gr.

Þar sem vegi er skipt í sérstakar brautir fyrir ýmsar tegundir umferðar, skal vegfarandi nota þá braut, sem honum er ætluð.

24. gr.

Ökumenn skulu halda ökutækjum sínum hægra megin á vegi eða akbraut, eftir því sem við verður komið og þörf er á, vegna annarar umferðar.

Þar sem útsýni er slæmt, svo sem í beygjum, við hæðarbrúnir, eða ef skyggni er slæmt, skal ávallt aka við hægri brún vegar eða akbrautar, nema þar sem einstefnuakstur er. Skyllt er ökumönnum að gæta þess sérstaklega er þeir beygja á vegi, eða aka frá vegarbrún, að það valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir þá, sem á eftir eða móti koma.

Ekki má snúa ökutæki á vegi eða aka þeim afturábak, nema unnt sé að gera það án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð.

Gæta skal þess þegar stórar bifreiðar eru á ferð utan þéttbýlis, að hæfileg fjarlægð sé á milli þeirra, þannig að eigi verði erfiðleikum bundið að komast fram fyrir þær.

25. gr.

Þegar tveir ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast, skal sá víkja, sem hefur hinn á hægri hönd. Sá sem kemur frá hægri, skal þó gæta fyllstu varúðar.

Vegur nýtur aðalbrautarréttar, ef vegur sem að honum liggur, er við vegamótin merktur biðskyldu- eða stöðvunarmerkjum.

Þar sem sett hefur verið biðskyldumerki, skal sá sem kemur af hliðarvegi, skilyrðislaust víkja fyrir umferð þess vegar, sem hann ekur inná eða yfir, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki. Hann skal í tæka tíð draga úr hraða og nema staðar, ef nauðsyn krefur. Skyllt er að nema staðar, þegar ekki er fullkomið útsýni yfir veginn.

Þar sem sett hefur verið stöðvunarmerki, ber ökumanni skilyrðislaust að nema staðar. Þegar ekið er af stað aftur, er skyllt að sýna ýtrustu varúð og víkja fyrir umferð, frá báðum hliðum, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki.

Þeir sem aka frá brún akbrautar, einkavegum, löndum, lóðum, bifreiðastæðum eða aka yfir gangstéttar, skulu víkja fyrir umferð á vegi þeim, sem ekið er inná.

Ökumönnum ber að draga úr hraða, eða nema staðar, ef nauðsyn krefur, vegna gangandi vegfarenda á merktum gangbrautum.

26. gr.

Ökuhraða skal ávalt miða við gerð og ástand ökutækis, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig, að akstur valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur, né geri þeim óþarfa tálmanir.

Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á ökutækinu og stöðvað það á þriðjungi þeirrar vegalengdar sem auð er og hindrunarlaus framundan og ökumaður hefur útsýni yfir.

Þegar bleyta er á vegum, skal aka þannig að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum að óþörfu.

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 35 km. miðað við klukkustund.

Um ökuhraða utan þéttbýlis gilda ákvæði 50. gr. umferðalaga.

27. gr.

Óheimilt er að efna til akstursíþróttá án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kaupþína skal koma til samþykki vegamála-
stjóra. Akstursíþrótt sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis
dómsmálaráðherra.

28. gr.

Ökutæki má ekki stöðva eða leggja þannig, að það valdi öðrum vegfarendum óþarfa
hættu eða óþægindum. Leggja ber ökutæki utan vegar ef aðstæður leyfa, en annars við brún
akbrautar og samhliða henni, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Í þéttbýli má eingöngu stöðva eða leggja ökutæki á vegi við hægri brún akbrautar miðað
við akstursstefnu. Þar sem einstefnuakstur er, getur lögreglustjóri þó sett aðrar reglur.

Flytja ber bilað ökutæki tafarlaust af akbrautum. Þegar ökumaður yfirgefur ökutæki
skal stöðva vél þess og ganga svo tryggilega frá því, að það geti ekki runnið sjálfkrafa, né
óviðkomandi flutt þau úr stað.

Þess skal vandlega gætt, þegar dyr ökutækis eru opnaðar að það valdi eigi hættu eða
óþægindum fyrir umferðina. Sama gildir og er fólk fer í eða úr ökutæki.

29. gr.

Þegar hætta er á ferðum, skal ökumaður gefa hljóðmerki, ljósmerki eða aðrar
bendingar, til þess að vekja athygli vegfarenda á hættunni. Slíkar bendingar skal ætíð gefa
þannig, að sem minnstum óþægindum valdi, bannað er að gefa þær að nauðsynjalausu.

Skylt er að gefa merki um breytta akstursstefnu, þegar þörf er á, til leiðbeiningar fyrir
aðra umferð. Merkin skal gefa með stefnuljósum á þeim ökutækjum, sem hafa skulu þau
tæki. Annars skulu þau gefin með því að rétta út hægri eða vinstri hönd, eftir því sem við á,
eða á annan greinilegan ótvíræðan hátt.

Ökumaður, sem ætlar að nema staðar eða draga snögglega úr hraða, skal gefa þeim,
sem á eftir koma greinilega merki um þá ætlan sína. Skal það gert með hemlaljósmerki á
þeim ökutækjum, sem hafa skulu ökuljós, en annars með því að rétta upp hönd, eða á annan
greinilegan og ótvíræðan hátt.

Ökumanni er skylt að hætta merkjabendingum, þegar þær eiga ekki lengur við.

Ökumanni er skylt að gæta þess vandlega, áður en merki er gefið að breyting á
aksturshraða valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra.

Merkjagjöf leysir ekki ökumann undan varúðarskuldum.

30. gr.

Ljósmerki ökutækja skal vera frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálftrar klukku-
stundar fyrir sólarupprás. Ákvæði um ljósátíma gilda einnig í þöku, dimmviðri, snjókomu,
steypiskúrum, ef ryk er á vegum, eða ef skyggni er takmarkað, af einhverjum öðrum
orsökum.

Þegar ekið er á ljósátíma, skulu vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Þegar
ökutæki er fest eða tengt aftan í annað, nægir að afturljós séu tendruð á því ökutæki, er á
eftir fer.

Á ökutækjum mega ljós, sem lýsa fram, aðeins vera hvít eða daufgul.

Þegar ekið er um vellýstan veg, skal nota lágan ljósgeisla. Þegar ekið er á móti öðru
ökutæki, má ekki nota háan ljósgeisla. Skipta skal þá á lágan ljósgeisla í tæka tíð.

Ef ökutæki, sem hefur stöðuljósabúnað er stöðvað eða lagt á dimmri akbraut á
ljósátíma, skal það hafa tendrað stöðuljós. Önnur ökutæki sem þannig eru skilin eftir, skulu
greinilega auðkennd með glitaugum af viðurkenndri gerð að framan og aftan.

31. gr.

Við hleðslu ökutækis skal þess gætt, að hvorki farþegar né farmur byrgi nauðsynlega útsýn ökumanns fram, til hliðar eða aftur, né hindri notkun stjórnþækja eða valdi annarri umferð hættu eða truflun. Ökumanni er skylt áður en hann ekur af stað, að hreinsa móðu, hrím, eða annað slíkt af rúðum ökutækisins, ljóskerum og númeraspjöldum og gæta þess að halda þessu hreinu, meðan á akstri stendur. Ganga skal svo frá farmi að hann raskist ekki eða valdi óþrifnaði eða óþarfa hávaða. Eigi má farmur dragast eftir vegi, nema óhjákvæmilegt sé og valdi eigi skemmdum.

Ef farmur eða hluti farms, fellur á veg, skal ökumanni skylt að þrifa slíkt upp þegar í stað.

Ef farmur nær aftur, fram eða út fyrir ökutæki, skal til viðvörunar festa greinilegt merki á ystu brún farmsins.

Ákvæði laga gilda að öðru leiti um hámarksbreidd- og hæð ökutækis og farms.

C. Sérreglur um bifhjól.

32. gr.

Eigi má aka tveim bifhjólum eða fleiri samhliða á sömu akbraut. Ökumaður bifhjóls skal leiða það, þegar farið er yfir gangstéttar og gangstíga.

Þegar bifhjól er skilið eftir á almannafæri, skal því læst með lás og þannig gengið frá því, að eigi sé hætta á því að það falli þótt við það sé komið.

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega 12 ára og eldri, að nota hlífðarhjálma við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálma við akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða viðgerðaverkstæði, eða við svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálma.

D. Sérreglur um reiðhjól.

33. gr.

Ökumaður reiðhjóls skal ávallt hafa báðar hendur á stýri og báðar fætur á fótstígum. Honum er óheimilt að hanga aftan í öðrum ökutækjum á ferð, svo og að leiða annað reiðhjól. Eigi má aka tveim eða fleiri reiðhjólum samhliða á vegi.

Heimilt er að aka reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn sem fara eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega víkja og hliðra til fyrir gangandi vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða reiðhjól. Ekki má skilja eftir reiðhjól á almannafæri nema því sé læst og svo gengið frá því, að eigi stafi hætta eða truflun fyrir umferð.

Barni yngri en sjö ára er óheimilt að aka reiðhjóli á almannafæri.

Óheimilt er að flytja farþega á reiðhjóli. Þó má vanur ökumaður, sem er orðin sautján ára, flytja barn yngri en sjö ára á reiðhjóli, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um það búið, að því stafi ekki hætta af hjólteinum.

Ekki má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðameiri en svo að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólinu og gefið umferðamerki, svo sem skylt er. Sömuleiðis er bannað að flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta óþægindum fyrir aðra umferð.

Reglur þessar gilda einnig fyrir létt bifhjól. Þó má ekki aka léttu bifhjóli á gangstígum eða gangstéttum og ekki má flytja á því farþega. Ákvæði 32. gr. um notkun hlífðarhjálma gildir einnig fyrir ökumann léttis bifhjóls.

E. Umferð gangandi vegfarenda.

34. gr.

Gangandi vegfarendur skulu nota gangstéttar og gangstíga, sem liggja með akbrautum. Skulu þeir að jafnaði ganga á hægri hluta stéttar eða stígs og víkja til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa þeim framhjá sér á vinstri hönd, er fram úr ganga.

Ef ekki er gangstígur eða gangstétt meðfram vegi, skulu menn að jafnaði ganga á vinstri vegarbrún, og aldrei fleiri en tveir samhliða.

Par sem merkt gangbraut er yfir veg, skulu menn nota hana, er þeir ætla yfir veginn. Ef ekki er gangbraut, skulu menn ávalt ganga þvert yfir veg með jöfnum hraða. Gangandi menn skulu gæta vel að umferð, áður en farið er yfir veg.

F. Umferð ríðandi manna og hestvagna.

35. gr.

Í þéttbýli skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegar eða götu. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa framfyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja. Í þéttbýli má aldrei ríða hraðar en á hægu brokki. Par mega aldrei ríða tveir menn eða fleiri samhliða og einn maður ríðandi má aldrei teyma fleiri en einn lausan hest. Hópfærðir ríðandi manna í þéttbýli eru háðar leyfi lögreglustjóra.

Á vegum skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegarins. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa framfyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.

Ef vænta má umferðar ökutækja um veg, skulu aldrei fleiri en tveir menn einhesta, ríða samhliða, né ríðandi maður teyma fleiri en tvö hross, má þá enginn annar ríða samhliða honum.

Taglhnýting hesta er bönnuð á vegum. Ef farið er með hestvagna um veg í þéttbýli, skal maður stjórna hverjum vagni. Utan þéttbýlis má einn maður stjórna tveim vögnum.

Bannað er að skilja eftir lausa hesta á vegi eða fyrir vagni eða sleða. Um akstur hestvagna gilda almenn ákvæði umferðalaga.

G. Um rekstur búfjár.

36. gr.

Óheimilt er að reka hópa búfjár á vegum í þéttbýli, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til.

Utan þéttbýlis má reka slíka búfjárhópa eftir vegum, en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæslumenn og ef vænta má umferðar ökutækja um veginn skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir.

Búféinu skal vikið fljótt og greiðlega út af veginum, ef þess er þörf vegna annarrar umferðar. Þá getur lögreglustjóri auglýst umferðartafir á einstökum vegum vegna reksturs sauðfjár.

IV. KAFLI

Um búfjárhald o. fl.

37. gr.

Í þéttbýli er allt búfjárhald bannað. Ef gripir ganga lausir í þéttbýli, sem er afgirt gripheldri girðingu, er skylt að handsama þá og koma þeim í geymslu á kostnað eiganda. Tjón, sem slíkir gripir valda á eignum manna skal að fullu bætt úr hendi eiganda gripanna og skal vera heimilt að selja gripina til greiðslu kostnaðar við handsömun og geymslu og til lúkningar skadabóta. Sveitarstjórn skal hafa til vörslumann og forsvaranlegt geymslupláss fyrir slíka lausa gripi.

Ef sannað er að sama skepnan valdi ítrekuðu tjóni, skal í samráði við lögreglu gera ráðstafanir, sem duga til að koma í veg fyrir slíkt. Skal þá heimilt að lóga slíkum grip, ef með þarf.

38. gr.

Allt hundahald í þéttbýli er bannað, nema til sérþarfa, og að fenginni undanþágu frá lögreglustjóra.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um haga, eru réttdræpir hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns skal handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja daga og greiði áfallinn kostnað, skal lóga slíkum dýrum, ef enginn vill hirða þau. Hundar sem ítrekað ganga lausir í þéttbýli skulu aflífaðir.

V. KAFLI

Ákvæði um fjallskil og ágang búfjár.

39. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu eins og þau eru nú eða síðar kynnu að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfjár síns, geitpenings, nautgripa, hrossa og annara gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum eða matjurtagörðum annarra. Eigandi eða umráðamaður gripa, sem tjóni valda, skulu bæta slíkt ásamt áföllnum kostnaði. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerð.

VI. KAFLI

Um friðun almenningsegna.

40. gr.

Mannvirki eða hlutir, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða til prýði á almannafæri, má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

Enginn má, án sérstakrar heimildar, hrófla við leiðslum, stöðvum eða öðrum búnaði, sem starfrækt eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitu, rafveitu eða pósts og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal hann tilkynna það þegar í stað lögreglu og hlutadeigandi stofnun. Óheimilt er að trufla eða tálma starfsemi lögreglu, slökkviliðs, hjálparveita, eða annara þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

41. gr.

Enginn má troða eða skemma á nokkurn hátt ræktaða bletti, tún, engi, matjurtagarða, skrúðgarða manna eða einstaka plöntur, hvort, sem er girt eða ógirt. Enginn má heldur skemma girðingar eða klifra yfir eða upp þær.

42. gr.

Enginn óviðkomandi má hagnýta eða tileinka sér nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg veiðifugla eða fiska eða önnur hlunnindi án heimildar landráðanda. Þó mega ferðamenn notfæra sér hagabeit og berjatöku til neyslu á staðnum um stundarsakir, meðan á áningu eða hvíld stendur.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og umgengi.

43. gr.

Viðkomandi heilbrigðisnefndir, hver á sínu svæði, skulu hafa eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda, eða síðar kunna að verða settar.

44. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningastaði sína og tjaldstaði, eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að hreinsa vandlega slíka staði að öllum óhroða og rusli, og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn. Gler má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi.

45. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna. Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess vandlega gætt, að skólpi eða öðru, sem óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

46. gr.

EKKI má fleygja á almannafæri, í læki eða ár, hafnir innan hafnargarða, né fjörur, neins konar rusli eða úrgangi. EKKI má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, mól, timbur eða annað byggingarefni, né neins konar rusl eða úrgang.

47. gr.

Eigi má hafa á almannafæri neitt það, sem óðau leggur af eða óþrifnaði veldur. Allri atvinnustarfssemi skal haga þannig að gufa, reykur eða óþefur valdi almenningi ekki óþægindum.

48. gr.

Skepnum má aðeins slátra í húsum inni og skal þess vandlega gætt að aðrar skepnur sjái ekki til. Sláturstaður skal hreinsaður strax að slátrun lokinni. Bannað er að láta hund komast á blóðvöll, þegar slátrað er. Brot á þessu ákvæði er á ábyrgð hlutadeigandi hús- eða landeiganda. Að öðru leyti vísast til laga nr. 30/1966 um slátrun og búnað sláturhúsa o. fl.

49. gr.

Í þéttbýli er bannað að setja upp girðingar úr gaddavír eða öðru slíku, sem getur valdið vegfarendum hættu eða óþægindum.

Skyld er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum, portum og öðrum umráðasvæðum sínum og hafa slíkt hreint og vel um gengið á hverjum tíma. Bannað er að hafa þakjárn, spýtnarusl eða annað slíkt, sem fokið getur laust úti. Bera eigendur ábyrgð á tjóni eða meiðslum sem af því geta hlotist. Þá ber landeigendum skylda til að taka upp lélegar girðingar, nælonnet og dræsúr á almannafæri.

50. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þörf, að banna óparfar samgöngur við skip, sem í höfn eru.

51. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað umferð ökutækja um bryggju og hafnarsvæði, eftir því sem þurfa þykir.

52. gr.

Lögreglustjóri getur, í samráði við barnaverndarnefnd, bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og bólvirki og ferðir út í skip og báta í höfn, ef þurfa þykir.

VIII. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

53. gr.

Sveitarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur setja upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem sveitarstjórn hefur látið, eða lætur festa á hús, til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef þurfa þykir.

54. gr.

Sveitarstjórn ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum eða öðrum stjórnvöldum og útvegar á kostnað sveitarsjóðs spjöld í því skyni, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöng og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með leyfi hlutadeigandi húsráðanda. Slíkar auglýsingar verða þó að vara innan velsæmismarka.

55. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutadeigendur taka niður, þegar þær hafa náð tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, ríssa eða skrifa neitt á þær, þeim óviðkomandi, óhreinka þær eða gera ólæsilegar á annan hátt.

Lögreglustjóri getur bannað auglýsingaspjöld, ljósaauglýsingar og aðrar lýsingar, sem valdið geta hættu eða óþægindum fyrir umferð.

IX. KAFLI

Um gisti- og veitingahús, samkomustaði og almennar skemmtanir.

56. gr.

Allir gisti- og veitingastaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku leyfi og eftirliti lögreglustjóra, enda sé gætt ákvæða heilbrigðissamþykkt, svo sem þær eru á hverjum tíma. Lögreglu skal heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru við reksturinn. Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

57. gr.

Hverjum sem hefur veitinga- og gistölu á hendi, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem brýtur í bága við almennt velsæmi og góða reglu.

58. gr.

Á veitinga- og gististöðum má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða taka þátt í áhættuspili.

59. gr.

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23.30 að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem ekki eiga þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

60. gr.

Skemmtanir sem aðgangur er seldur að, má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun, sem fram á að fara á almennum skemmtistað, félagsheimili eða veitingahúsi eigi hún að standa lengur en til kl. 23.30. Að öðru leyti gildir ákvæði reglugerðar um löggæslu á skemmtunum, eins og hún er nú eða síðar kann að verða.

61. gr.

Sérhver sem sjúkling hefur á heimili sínu, getur farið fram á að bannað sé að halda almennar samkomur, sem háreysti geta valdið nærri húsi hans, ef hinum sjúka getur stafað hættu af ónæðinu.

62. gr.

Kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni, nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sveitarstjórn ákveður gjald fyrir slík leyfi sem greiða skal í sveitarsjóð. Lögreglustjóri getur veitt leyfi, til að halda einstakar kvikmyndasýningar, og ákveður hann þá gjaldið til sveitarsjóðs.

63. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi hvort sem það eru kvikmyndir eða skuggamyndir, getur lögreglustjóri bannað sýningu þeirra. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft slæm áhrif eða valdið ótta.

X. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, refsingar, kostnað o. fl.

64. gr.

Samþykkt þessi gildir í Vestur-Barðastrandarsýslu í þéttbýli og dreifbýli, eftir því sem við á.

65. gr.

Með mál vegna brota á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála. Brot skulu varða sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Sektir álagðar samkvæmt samþykktinni renna í ríkissjóð.

66. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir, til að hindra að aðgerðaleysi valdi tjóni. Allan kostnað, sem leiðir af aðgerðum lögreglustjóra, til að hindra brot á samþykktinni, greiðir hinn seki.

67. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykktinni, sem eigi verður greiddur af einstökum mönnum, skal greiða úr ríkissjóði.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu nr. 180 4. nóvember 1941.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.